

## Tap Sparisjóðsins í Keflavík 10,6 milljarðar eftir skatta

### Góð eiginfjárstaða og traustur grunnrekstur

#### Helstu niðurstöður fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008:

- Tap eftir skatta nam 10,6 milljörðum. Neikvæð þróun á hlutabréfamarkaði hafði afgerandi áhrif á niðurstöðu tímabilsins.
- Hreinar vaxtatekjur námu 992 milljónum.
- Hreinar þjónustutekjur námu 244 milljónum.
- Hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 9,95 milljarða. Helstu ástæður eru þróun hlutabréfamarkaða og varúðarniðurfærsla eignasafns Sparisjóðsins vegna óhagstæðra markaðsaðstæðna.
- Heildareignir námu 90,5 milljörðum.
- Heildarútlán til viðskiptavina Sparisjóðsins námu 72 milljörðum í lok júní og hafa aukist um 9,6 milljarða frá áramótum, eða 15,46%.
- Innlán eru 62,34% af heildarútlánnum til viðskiptamanna. Innlán hafa aukist um 15,4% frá áramótum og voru 44,9 milljarðar í lok júní.
- Eigið fé Sparisjóðsins í Keflavík nam 12 milljörðum þann 30. júní 2008.
- Eiginfjárhlutfall (CAD) Sparisjóðsins var 10,31% þann 30. júní 2008.
- Vaxtamunur tímabilsins var 2,15% í samanburði við 1,4% fyrir sama tímabil árið 2007 og 1,2% fyrir allt árið 2007.
- Sérstök virðisrýrnun útlána nam 1.212 milljónum í samanburði við 157 milljónir á sama tímabili árið 2007. Um er að ræða varúðarframlag sem endurspeglar ekki endanleg útlánatöp, heldur er ætlað að mæta hugsanlegum útlánatöpum í framtíðinni.

#### Annað:

- Nú er að ljúka fjármögnun íbúðabréfa Sparisjóðsins að verðmæti um 5 milljarða ISK í gegnum Íbúðalánasjóð.
- Endurskipulagning starfseminnar hefur m.a. leitt til fækkunar starfsmanna í Sparisjóðnum um 11,2% frá áramótum eða um 17 stöðugildi. Svigrúm er til að lækka rekstrarkostnað enn frekar og sífelld er leitað leiða til hagræðingar í rekstri.
- Á næstu mánuðum verður lögð áhersla á að styrkja grunnrekstur sjóðsins enn frekar.

#### Geirmundur Kristinsson, Sparisjóðsstjóri

Samhliða grunnrekstri hefur Sparisjóðurinn í Keflavík á síðustu árum byggt afkomu sína að nokkru leyti á þróun fjármálamarkaða. Hefur það skipulag starfseminnar gefið vel af sér hingað til en undanfarna mánuði hafa hinsvegar óhagstæðar markaðsaðstæður komið verulega niður á afkomu okkar. Miklar lækkanir á mörkuðum, verðmætarýrnun og háir stýrivextir hafa skilað neikvæðri afkomu fyrstu 6 mánuðina. Þrátt fyrir þessi vonbrigði þá er grunnrekstur Sparisjóðsins í Keflavík hins

vegar traustur og hafa hreinar vaxtatekjur aukist mikið milli ára. Vaxtamunur er nú um 2,15% og er afkoma grunnrekstrar, samkvæmt starfsþáttayfirliti, góð. Eiginfjárstaða Sparisjóðsins er einnig góð eins og eiginfjárlutfall okkar (CAD hlutfall) ber með sér. Fjármögnun og lausafjárstaða Sparisjóðsins er í ágætu jafnvægi í dag, sérstaklega eftir að fjármögnun íbúðalána okkar í gegnum Íbúðalánasjóð gengur í gegn.

Í ljósi breyttra aðstæðna hefur verið farið í vinnu sem felur í sér endurskipulagningu starfseminnar með það að markmiði að styrkja grunnrekstur Sparisjóðsins enn frekar. Samsetning eignasafns Sparisjóðsins verður einnig tekin til endurskoðunar.

Á síðustu misserum höfum við sameinast 3 öðrum sparisjóðum og enn eru ónýttir ýmsir möguleikar til að ná fram þeirri hagræðingu sem í slíkum sameiningum eru fólgnir.

Sparisjóðurinn stendur sterkur, þrátt fyrir það bakslag sem við finnum núna fyrir. Horfur út þetta ár eru betri og ef ytri aðstæður verða hagstæðar þá næst viðunandi rekstrarniðurstaða á síðari helmingi ársins.

## Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	30.6.2008	30.6.2007
Í milljónum króna		
Hreinar vaxtatekjur	992	351
Hreinar þjónustutekjur	244	177
Arðstekjur	241	51
Hreinar tekjur/(gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	-8.173	4.787
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	-4.591	1.254
Gengismunur	1.261	-174
Aðrar tekjur	71	11
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>-9.955</b>	<b>6.456</b>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-1.187</b>	<b>-645</b>
Afskriftir	-30	-10
Virðisrýrnun útlána	-1.213	-157
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>-12.385</b>	<b>5.644</b>
Tekjuskattur	1.779	-1.007
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>-10.606</b>	<b>4.637</b>

ATH. Tölur fyrir fyrri helming árs 2007 eiga við Sparisjóðinn í Keflavík fyrir sameiningu hans og Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Skoða þarf samanburð í því ljósi.

Hreinar vaxtatekjur námu 992 milljónum króna á fyrri hluta ársins í samanburði við 351 milljón á sama tímabili árið 2007. Hreinar þjónustutekjur námu 244 milljónum á fyrri hluta ársins í samanburði við 177 milljónir árið áður.

Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings á fyrri hluta ársins var 2,15% í samanburði við 1,4% fyrir sama tímabil árið 2007 og 1,2% fyrir allt árið 2007. Helsta ástæða aukins vaxtamunar er aukin verðbólga.

Hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 9,95 milljarða króna sem skýrist að miklu leyti af varúðarniðurfærslu á eignasafni Sparisjóðsins vegna óhagstæðra markaðsaðstæðna. Að stórum hluta er um óinnleyst tap að ræða.

Sérstök virðisrýrnun útlána að upphæð 1.212 milljónir var færð og er hún afleiðing þróunar á verðbréfamörkuðum á fyrri hluta þessa árs. Um er að ræða varúðarframlag sem endurspeglar ekki endanleg útlánatöp, heldur er ætlað að mæta hugsanlegum útlánatöpum í framtíðinni.

Tap eftir skatt nam 10,6 milljörðum.

## Hagnaður grunnrekstrar

Hagnaður grunnrekstrar fyrir skatt á fyrri hluta ársins nam 1.125 milljónum króna. Nánar er fjallað um afkomu viðskiptabankasviðs annars vegar og fjárfestingarsviðs hinsvegar, í starfsþáttayfirliti í skýringu 4 með árshlutareikningnum.

### Grunnrekstur Sparisjóðsins fyrstu 6 mánuði ársins 2008

Í milljónum króna	30.6.2008	31.12.2007
Hreinar vaxtatekjur	1.911	1.993
Hreinar þjónustutekjur	218	258
Hrein gjöld af fjáreignum	12	0
Aðrar tekjur	1.345	-50
Rekstrargjöld	-1.148	-1.425
Virðisrýrnun útlána	-1.213	-164
Hagnaður fyrir skatta	1.125	613
Tekjuskattur	-141	-52
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>985</b>	<b>560</b>

sjá nánar í starfsþáttayfirliti í skýringu 4 með árshlutareikningi

Í töflunni hér að ofan eru fyrstu 6 mán ársins 2008 bómir saman við allt árið 2007

## Efnahagur

### Eignir

Í milljónum króna	30.6.2008	31.12.2007
Sjóður og innistæður í fjármálafyrirtækjum	2.445	2.773
Kröfur á fjármálafyrirtæki	19	3.047
Útlán og kröfur	72.013	62.370
Veltufjáreignir	4.638	7.563
Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	6.369	11.821
Fjáreignir til sölu	446	514
Hlutdeildar- og sameignarfélög	493	1.938
Óefnislegar eignir	175	175
Rekstrarfjármunir	3.112	2.982
Fastafjármunir til sölu	301	398
Skatteign	75	0
Aðrar eignir	453	450
<b>Eignir samtals</b>	<b>90.539</b>	<b>94.029</b>

### Eignir

Heildareignir Sparisjóðsins í Keflavík námu 90,5 milljörðum í lok júní en voru 94 milljarðar um áramót. Útlán til viðskiptamanna námu 72 milljörðum í lok júní en stóðu í 62,3 milljörðum í upphafi árs. Veltufjáreignir og aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur námu 11 milljörðum í lok júní en

voru 19,4 milljarðar í upphafi árs. Eignir í hlutdeildarfélagum námu 493 milljónum í samanburði við 1.938 milljónir í lok árs 2007.

## Skuldir og eigið fé

<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>30.6.2008</b>	<b>31.12.2007</b>
Í milljónum króna		
Skuldir við fjármálafyrirtæki	6.650	3.156
Almenn innlán	44.894	38.912
Lántaka	21.384	18.209
Víkjandi lán	2.552	2.434
Lífeyrisskuldbinding	338	1.961
Skattskuld	0	1.711
Aðrar skuldir	2.757	2.186
Skuldir samtals	78.575	68.568
Eigið fé	11.964	25.461
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>90.539</b>	<b>25.461</b>

Innlán frá viðskiptavinum námu 44,9 milljörðum í lok júní og höfðu hækkað um 15,4% frá áramótum. Lántaka nam 21,4 milljarði í samanburði við 18,2 milljarða í lok árs 2007. Skuldir við fjármálafyrirtæki námu 6,6 milljörðum í stað 3,1 milljarðs í lok árs 2007.

Eigið fé Sparisjóðsins nam 12 milljörðum þann 30. júní 2008 í samanburði við 25,5 milljarða í lok árs 2007. Lækkun eiginfjár má annarsvegar rekja til taprekstrar en hinsvegar til arðgreiðslu sem greidd var til stofnfjáraðila í upphafi ársins.

Eiginfjárhlutfall sjóðsins, CAD hlutfallið, var 10,31% í lok tímabilsins.

## Fjármögnun og lausafjárstaða

Staða fjármögnunar Sparisjóðsins í Keflavík er ágæt um þessar mundir. Fjármögnun Sparisjóðsins byggir að miklu leyti á innlánum. Hlutfall innlána af útlánum var 62,34% þann 30.júní 2008. Aukning innlána á fyrri helmingi ársins nam 15,4%. Nú er verið að ganga frá fjármögnun íbúðalána Sparisjóðsins í gegnum Íbúðalánasjóð, alls að verðmæti um 5 milljarða króna. Aðgengi að erlendu lánsfé er hinsvegar erfitt um þessar mundir. Næsta endurgreiðsla erlendra lána er næsta vor og unnið er að endurfjármögnunar hennar.

Í dag hefur Sparisjóðurinn gott aðgengi að innlendu fjármagni í gegnum staðfestar og óstaðfestar lánalínur á innlendum markaði.

## Horfur

Markaðsaðstæður hafa komið illa við Sparisjóðinn í Keflavík á fyrri hluta ársins. Markaðseignir hafa lækkað í verði og nauðsynlegt hefur verið að færa varúðarniðurfærslu á eignasafn og útlán Sparisjóðsins. Hin hefðbundna bankastarfsemi hefur hinsvegar skilað jákvæðri niðurstöðu og í áætlunum Sparisjóðsins er gert ráð fyrir að styrkja grunnreksturinn enn frekar.

Í ljósi breyttra aðstæðna hefur verið farið í vinnu sem felur í sér endurskipulagningu starfseminnar. Sú vinna er þegar farin að skila árangri og hefur stöðugildum fækkað um 17 eða 11,2% án þess að til hópuppsagna hafi komið. Svigrúm er til að lækka rekstrarkostnað og sífellt er leitað leiða til hagræðingar í rekstri.

Seinni helmingur þessa árs fer ágætlega af stað og ef ytri aðstæður verða hagstæðar þá mun afkoma Sparisjóðsins verða vel viðunandi.

### **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar um uppgjörið veitir Geirmundur Kristinsson Sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík í síma 4216605